

Sent umhverfissráðuneytinu

Reykjavík 28. janúar 2003
2003010026/016-0
HT/hj

Umsögn um Kötluvikur

Umhverfissráðuneytið óskar með bréfi dag. 21. janúar 2003 eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Kötluvikurs til námaleyfis til vikurnáms á Mýrdalssandi. Með bréfinu var afrit af umsókn Kötluvikurs og lýsing á væntanlegu námasvæði.

Það sem um ræðir er að fyrirtækið Kötluvikur hyggst nema allt að 60.000 tonn (200.000 rúmm) á ári af vikri næstu 30 árin. Vikurinn hefur allur komið upp í eldgosum í Kötlu. Námasvæðið er á Mýrdalssandi og er ekki að sjá að námavinnsla þarna hafti teljandi áhrif á umhverfið, þótt um sé að ræða stórt svæði, eða um 15,5 km². Hámarksdýpt námu er áætluð 10 m. Framkvæmdum og áætluðum frágangi námu er ágætlega lýst frá hendi Kötluvikurs.

Þótt umhverfisáhrif verð lítil á svæðinu munu námurnar verða vel sýnilegar, enda um stórt svæði að ræða. Verið getur að við opnun námanna aukist fok í næsta nágrenni við hana og þarfa að vera viðbúnaður til þess að hemja slíkt ef ástæða þykir til. Sandfok getur verið mikið á Mýrdalssandi og ekki víst að muni um það þótt svona náma verði opnuð.

Við námagröft mun sýn opnast í jarðlögin og hefur Náttúrufræðistofnun áhuga á að fylgjast með því þegar þau koma í ljós. Þversnið í Mýrdalssand er mikilvægt rannsóknarefni þar sem saga hlaupa og eldgosa er þar grafin í sandinn. Þess er óskað að vísindamenn stofnunarinnar verði með í ráðum við rannsókn námanna og við frágang þ.m.t. sáningu í flög.

Náttúrufræðistofnun sér ekki ástæðu til að hindra nýtingu jarðefna á Mýrdalssandi en lýsir áhuga sínum á að fylgjast með innri gerð sandsins og frágangi námanna.

Virðingarfyllst,

Jón Gunnar Ottósson
forstjóri

